

STARFSLEYFI

UST202010-035

Þéttbært eldi alifugla (kjúklinga)

Matfugl ehf.

Starfsstöð: Hurðarbak í Svínadal, Hvalfjarðarsveit

Lögheimili: Sundagarðar 10, 104 Reykjavík

Kt.: 471103-2330

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Matfugl ehf., kt. 471103-2330, fyrir þéttbæru eldi kjúklinga í landi Hurðarbaks í Hvalfjarðarsveit. Matfugl ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að reka kjúklingabú, með stæði fyrir allt að 136.000 fugla (að hámarki 136.000 fuglar á hverjum tíma), í tveimur eldri eldishúsum og tveimur (nýjum) eldishúsum að Hurðarbaki í Svínadal, Hvalfjarðarsveit.

Ef sýnt er fram á, að loknum tveggja ára reynslutíma af rekstri nýju húsanna, að losun ammoníaks sé innan marka, sbr. gr. 3.6, er heimilt að fengnu formlegu samþykki Umhverfisstofnunar að hefja rekstur í tveimur húsum til viðbótar og skal þá heildarumfang starfseminnar vera stæði fyrir allt að 192.000 fugla.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslu um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að

athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við BAT-niðurstöður sbr. gr. 3.1.

Rekstraraðili skal skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar um hvaða valkostir fyrir bestu aðgengilegu tækni eru nýttir á búinu með vísan í BAT-niðurstöður greinar eigi síður en sex mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis. Ef rekstraraðili breytir um valkost um bestu aðgengilegu tækni þá skal hann upplýsa eftirlitsaðila um þær breytingar og hvernig þær samræmast BAT-niðurstöðum.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

Breytingin skal vera í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eða álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar sbr. lög nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera til staðar áætlun um frágang svo alifuglum, úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, húsnæði, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi sé ráðstafað á viðurkenndan hátt. Skal sú áætlun vera samþykkt af eftirlitsaðila. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og tryggja að ekki séu skilið eftir hráefni sem tilheyra rekstrinum.

Neyðaráætlun skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun alifugla þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri og skal endurskoðuð reglulega. Áætlunin skal samþykkt af eftirlitsaðila.

Rekstrarstöðvun, varanleg eða tímabundin, skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir, þannig að taka megji út frágang að lokinni rekstrarstöðvun. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja neyðaráætlun. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila.

Rekstraraðili skal tilkynna eftirlitsaðila um aðgerðir sínar samkvæmt neyðaráætlun og áætlun um frágang innan þriggja mánaða frá því að þeim lýkur þannig að úttekt geti farið fram á frágangi.

Tilkynna skal eftirlitsaðila áður en eldið eða verulegur hluti þess er tekinn aftur í notkun ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar 550/2018.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni (BAT-niðurstöður) sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlot náist ekki sem afleiðing af rekstri rekstraraðila, en þau eru unnin á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum vatnshlotsins verði náð.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Eftirlitsaðila er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsvenjum¹ og góðum búskaparháttum sem draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið, þ.m.t. varðandi starfshætti, fóðrun, lykt og alla meðferð úrgangs og förgun svo og að draga úr losun efna út í umhverfið eins og kostur er. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Beita skal bestu aðgengilegu tækni við að takmarka losun frá starfseminni með aðferðum sem samræmast BAT-niðurstöðum fyrir alifugla sbr. gr. 3.1.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmiðin skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis. Umhverfismarkmiðin skulu vera hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila² (sjá gr. 2.5).

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt vera tiltækt á starfsstöðinni og skulu starfsmenn fá kynningu á ákvæðum starfsleyfis³.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Aðstaða til mælinga

Tryggja skal við hönnun mannvirkja að góð aðstaða sé til mælinga og eftirlits með losun samkvæmt starfsleyfi þessu og þeim mæliáætlunum sem starfsleyfið kveður á um.

¹ BAT 2 (sbr. gr. 3.1)

² BAT 1 (sbr. gr. 3.1)

³ BAT 1 liður 4. a), b) c) og d). (sbr. gr. 3.1)

2.4 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í starfsstöðinni.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. Rekstraraðili skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Fjarlægja skal úrgang af lóð innan deiliskipulagsmarka (hér eftir nefnt athafnasvæði) þegar í stað. Allt athafnasvæðið eða tiltekinn hluti þess skal lagt bundnu slitlagi leiði niðurstöður eftirlits í ljós að þörf sé á því til að lágmarka rykmyndun frá svæðinu eða aðra mengun. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á eldihúsum, lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Óviðkomandi aðgangur að vinnusvæði, geymslu hráefna og framleiðsluvöru skal vera takmarkaður og aðgangur óviðkomandi bannaður.

2.5 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja skal staðlað umhverfisstjórnunarkerfi⁴, t.d. ÍST EN ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS) eða annað kerfi sem uppfyllir kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi í BAT-niðurstöðum.

Umhverfisstjórnunarkerfið skal m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Þá skal umhverfisstjórnunarkerfið fjalla ítarlega um hvernig lágmarka skal lyktarmengun frá starfseminni. Umhverfisstjórnunarkerfi skal liggja fyrir eigi síður en sex mánuðum eftir útgáfu þessa starfsleyfis og skal það aðgengilegt eftirlitsaðila.

2.6 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar. Áætlunin skal vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila og senda skal Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar afrit af áætluninni. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.7 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.6. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skal gera nauðsynlegar lagfæringar. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

⁴ BAT 1 (sbr. gr. 3.1)

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og eða önnur atvik sem hafa haft í för með sér losun mengandi efna í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er (á netfangið ust@ust.is) Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari losunarmælingar og/eða vöktunarmælingar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki.

Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í "Best Available Techniques (BAT) Reference Document for Intensive Rearing of Poultry or Pigs" og BAT-niðurstöður sem af því leiða hafa tekið gildi með innleiðingu á Framkvæmdarákvörðun Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/302, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB vegna þéttbærs eldis alifugla eða svína, með reglugerð nr. 1165/2020 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun, sbr. 2. tl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 1165/2020. BAT-niðurstöður eru m.a. aðgengilegar á íslensku á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Númeraðar BAT kröfur í megintexta og neðanmálsgreinum í þessu starfsleyfi vísa í þessa framkvæmdarákvörðun.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða.

HRÁEFNI, ELDSNEYTI OG FRAMLEIÐSLA

3.2 Móttaka, flutningur og framleiðsla

Flutningur á hráefnum og framleiðsla kjúklinga skal vera í samræmi við góðar starfsvenjur⁵.

Rykmengun skal haldið í lágmarki⁶. Ef við framleiðslu myndast fínt efni skulu eldishús og geymslur vera lokaðar þannig að ekki sé hætt við rykmyndun og foki í næsta umhverfi. Nota skal yfirbyggð og lokuð kerfi og/eða ryksöfnunarbúnað þar sem hættu er á rykmyndun. Ryk frá alifuglaeldi getur innihaldið agnir af fóðri, undirlagi, húsdýraáburði (hænsnaskít), fjöðrum og húðflögum fuglanna, agnir smádýra líkt og mítla, örverur (bakteríur, sveppir). Varast skal að ryk safnist upp við lofttúður eldishúsa.

Við móttöku hráefna skal sömuleiðis gæta að því að hráefnið spillist ekki að óþörfu eða skemmist. Síló og aðrir mögulegir rykmyndunarstaðir skulu útbúin með ryksöfnunarbúnaði sem skal uppfylla skilyrði í BAT-niðurstöðum⁷. Gott fyrirbyggjandi viðhald skal vera á færriböndum, sílóum og þess háttar mannvirkjum.

Eldishús skulu þrífir eigi síðar en 7 dögum eftir tæmingu. Þrif skulu innihalda útmokstur, þvott með sápu, sótthreinsun og þurrkun. Rekstraraðili skal sjá til þess að vatn sé notað á skilvirkan hátt⁸.

3.3 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs (næringarefna) sé í lágmarki⁹, t.d. með fóðursamsetningu og næringaráætlun sem tekur tillit til vaxtarlíkana. Einnig skal við val á fóðri gera ráðstafanir vegna mögulegra áhrifa fóðursamsetningar á lyktarmyndun, t.a.m. prótíninnihald.

Heildarlosun köfnunarefnis (N) og fosfórs (P) skal mæld og/eða metin¹⁰ og skal losun ekki vera meiri en 0,6 kg N/fuglastæði/ári og 0,25 kg P/fuglastæði/ári.

3.4 Frágangur, hráefnisgeymslur og vörugeymslur

Frágangur lóðar skal vera snyrtilegur og í samræmi við góðar starfsvenjur¹¹, á öllu athafnasvæði rekstraraðila skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila. Rekstraraðili er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Engin mengandi efni mega leka í jarðveg. Eldsneyti skal geymt í geymum með lekavörn sem uppfyllir ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Ef nauðsynlegt er að geyma hráefni eða framleiðsluvörur utandyra skal ganga þannig frá að ekki sé hættu á rykmengun eða annarri dreifingu mengunar, þar með talið í frárennsli. Flokka skal aukaafurðir dýra í áhættuflokka og förgun eða endunýting skal vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Geyma skal aukaafurðir dýra í vel lokuðu geymslurými, t.d. lekaheldum gámum, á meðan beðið er eftir að efnið sé flutt af svæðinu. Ekki má geyma aukaafurðir dýra í langtímageymslu utan lóðar án leyfis Umhverfisstofnunar.

⁵ BAT 2, sbr. gr. 3.1

⁶ BAT 11, sbr. gr. 3.1

⁷ BAT 11, sbr. gr. 3.1

⁸ BAT 5, sbr. gr. 3.1

⁹ BAT 3 og BAT 4, sbr. gr.3.1

¹⁰ BAT 24, sbr. gr. 3.1

¹¹ BAT 2, sbr. gr. 3.1

LOFT

3.5 Hönnun, rekstur og rykmengun

Hönnun og rekstur búans skal miðast við að halda rykmengun og annarri mengun niðri¹². Helstu ryk uppsprettur skulu vera með virkar mengunarvarnir. Koma skal í veg fyrir eða draga úr mengun sem getur borist langar leiðir eftir því sem kostur er.

Rekstraraðili skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 817/2002 um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti við eldshús innan marka byggingarreits skv. deiliskipulagi.

Hönnun eldshúsa skal vera slík að hægt sé að bæta við lofthreinsunarkerfi¹³ til að ná markmiðum losunar dugi aðrar ráðstafanir rekstraraðila ekki til lágmarkunar á losun ammoníaks, sbr. gr. 3.6.

Takmarka skal hávaða frá starfsemi¹⁴. Þess skal gætt að hávaði frá starfsemi valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk (jarðamörk Hurðarbaks skv. deiliskipulagi eða skilgreinds landbúnaðarsvæðis) skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

3.6 Lyktarmengun

Rekstraraðili skal halda lyktarmengun frá búinu í lágmarki¹⁵. Notast skal við sambland þeirrar tækni sem skilgreind er í BAT til að koma í veg fyrir eða lágmarka lyktarmengun¹⁶. Séu ráðstafanir rekstraraðila til lágmarkunar lyktarmengunar ófullnægjandi að mati Umhverfisstofnunar getur eftirlitsaðili krafist viðbótar einnar eða fleiri tækni við aðgerðir rekstraraðila, t.a.m lofthreinsikerfi. Gera skal ráðstafanir svo að lykt sem berst frá búinu, valdi ekki óþægindum í næstu byggð og/eða utan jarðamarka Hurðarbaks. Þá skal gæta þess að ryk og lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Rekstraraðili skal fara eftir fjarlægðum eldshúsa við mannabústaði, útivistarsvæði, vinnustaði skv. 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldshús alifugla, loðdýra og svína.

Heildarlosun ammoníaks (NH₃) í andrúmsloft frá hverju eldshúsi skal mæld¹⁷ og ekki vera meiri en 0,08 kg NH₃/fuglastæði /ári¹⁸.

VATN

3.7 Frárennsli

Frárennsli skal vera í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ, og þannig að ákvæði reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns, séu uppfyllt. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal leitt í sér hreinsivirki. Meðhöndlun frárennslis frá starfsemi skal vera skv. BAT-niðurstöðum¹⁹. Við þrif á eldshúsum, skal leiða afrennslisvatn frá þvottaaðstöðu í settank og siturlögn. Niðurföll í eldisrýmum skulu vera lokuð á eldistíma og eru aðeins opnuð þegar lokið er við útmokstur og þá opnuð á meðan þvotti stendur svo lágmarka megi þann lífræna úrgang sem berst í hreinsivirki.

¹² BAT 11, sbr. gr. 3.1

¹³ BAT 13d, sbr. gr. 3.1

¹⁴ BAT 10, sbr. gr. 3.1

¹⁵ BAT 12 og BAT 32, sbr. gr. 3.1

¹⁶ BAT 13, sbr. gr. 3.1

¹⁷ BAT 25b eða BAT 28, sbr. gr. 3.1

¹⁸ BAT 32, sbr. gr. 3.1

¹⁹ BAT 6 og 7, sbr. gr. 3.1

Ofanvatn skal ekki leiða í settank og er heimilt að leiða slíkt vatn framhjá settanki í siturlögn eða í yfirborðsvatn.

Seyru skal tæma reglulega úr rotþróum af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi og flytja á móttökustað sem hefur starfsleyfi/tilskilin réttindi til förgunar og/eða meðhöndlunar seyrur til endurnýtingar eða förgunar í samræmi við ákvæði reglugerðar 799/1999 um meðhöndlun seyrur.

3.8 Meðhöndlun húsdýraáburðar og hauggeymslur

Húsdýraáburður sem nýttur er til dreifingar á landi fellur utan gildissviðs um meðhöndlun úrgangs sbr. b. lið 3. mgr. 2. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Húsdýraáburður fellur undir gildissvið reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Öllum húsdýraáburði skal safnað saman á þann hátt að mengun hljótist ekki af.

Losun næringarefna úr húsdýraáburði frá Hurðarbaki við dreifingu skal ekki vera meiri en 170 kgN/ha/ári sbr. ákvæði reglugerðar nr. 804/1999, um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnisefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum nærliggjandi vatnshlota (Laxá²⁰ og Grunnafjörður) hraki ekki vegna meðhöndlunar, dreifingu eða geymslu, húsdýraáburðar frá rekstrinum. Meðhöndlun áburðar má ekki valda því að breyting verði á lífríki eða vistfræðilegt ástand vatnshlotanna rýrni samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu, sbr. þó gr. 3.13. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það sbr. gr. 1.6 ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

Dreifa skal húsdýraáburði skv. skilyrðum í BAT-niðurstöðum²¹ og taka skal einnig mið af starfsreglum um góða búskaparhætti. Húsdýraáburði skal dreift á ófrosinn jarðveg og að jafnaði dreift á tún, í flög eða í landgræðslu á tímabilunum frá 15. mars til 15. júní og 15. september til 1. nóvember ár hvert, þegar hann nýtist gróðri sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 804/1999. Fari dreifing fram utan þessara tímabila skal tilkynning þess efnis send eftirlitsaðila.

Leitast skal við að dreifing fari fram þegar vindátt standi af nálægri byggð. Ekki er heimilt að dreifa húsdýraáburði á stöðum þar sem að hann getur mengað læki, ár eða vatnsból. Ekki skal dreifa húsdýraáburði innan 10 metra frá bökkum Laxár eða annars straum- eða stöðuvatns. Við dreifingu húsdýraáburðar skal fylgja fjarlægðarviðmiðum við vatnsból, íbúabyggð og sumarbyggð í starfsreglum um góða búskaparhætti og gildandi skipulagsskilmálum deiliskipulags Hurðarbaks séu þau fyrir hendi.

Heimilt er að fela þriðja aðila dreifingu húsdýraáburðarins með samningum, enda samþykki sá aðili að fara eftir BAT-niðurstöðum, starfsreglum um góða búskaparhætti sem og ákvæðum í starfsleyfi þessu. Framsal rekstraraðila til þriðja aðila firra hann þó ekki ábyrgð á meðhöndlun húsdýraáburðarins, komi í ljós að viðkomandi aðili uppfylli ekki tilskyldar kröfur eða hann meðhöndli húsdýraáburðinn ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Liggja skal fyrir samningur við þá aðila sem taka við húsdýraáburði frá búinu og skal eftirlitsaðili hafa afrit af þeim samningum.

Rekstraraðili skal hafa áætlun um nýtingu húsdýraáburðar til fimm ára í senn. Skal áætlunin liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis og vera aðgengileg eftirlitsaðila.

²⁰ Vatnshlotið Laxá neðan Eyrarvatns nr. 104-497-R

²¹ BAT 20 og 22, sbr. gr. 3.1

Á þeim tíma árs sem ekki er hægt að nýta húsdýraáburð beint til áburðar skal hann geymdur í viðurkenndri hauggeymslu sbr. ákvæði reglugerðar nr. 804/1999 og í samræmi við BAT-niðurstöður²². Hauggeymsla skal hindra fok húsdýraáburðar eins og kostur er. Frárennsli frá hauggeymslu skal leitt í rotþró og siturlögn eftir útfærslu rekstraraðila sem er í samræmi við gr. 3.1 og BAT-niðurstöður²³. Við losun húsdýraáburðar úr hauggeymslu skal þess gætt að ekki verði mengun frá henni í nærliggjandi ár, læki eða jarðveg utan skilgreinds dreifingarsvæðis húsdýraáburðar.

Hauggeymslur skulu rúma a.m.k. 6 mánaða birgðir af húsdýraáburði, skulu vera fuglheldar og aðgangur búfjár skal einnig takmarkaður.

Ef nauðsynlegt reynist að færa húsdýraáburðinn í brennslu, til urðunar eða til notkunar í lífgas- eða myltingarstöð þá skilgreinist húsdýraáburðurinn sem úrgangur og skal meðhöndlaður skv. lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

ÚRGANGUR

3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Við meðferð úrgangs skal fara eftir ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 auk reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á. Fullnýta skal hráefni og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs eins og kostur er og þannig skal draga skipulega úr myndun úrgangs.

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva og frárennsli sem getur innihaldið olíu eða önnur olíukennd efni skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Þar sem unnið er með olíur skal fráveita eftir því sem kostur er vera lokuð. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðhöndlun úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil. Úrgangur frá búinu, skal flytja reglulega til meðhöndlunar skv. lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna. Þessar kvittanir skulu aðgengilegar eftirlitsaðila.

3.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum, olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði búsinu skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

Olíu skal geyma í þar til gerðum tönkum. Öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur olíugeyma. Ofanjarðar olíugeymar stærri en 10.000 lítrar skulu vera í lekavörn.

Rekstraraðili skal ávalt hafa aðgengileg öll öryggisblöð hreinsiefna (sápur og sótthreinsiefni) og annarra hættulegra efna sem notuð eru við reksturinn og skulu þau vera á íslensku.

Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingar og umbúðir efna og efnablanda. Slík efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að

²² BAT 14 og 15, sbr. gr. 3.1

²³ BAT 15, sbr. gr. 3.1

þau hvorki berist í fráveitu um niðurföll, í andrúmsloft né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. grein 2.6 og ákvæðum skv. gr. 2.7.

3.12 Dauður eða sýktur fugl

Hræjum dauðra alifugla skal koma fyrir í sérstökum hrægámum og þau færð til viðeigandi meðhöndlunar²⁴. Komi upp sýking í alifuglum á búinu skal hafa samband við Matvælastofnun²⁵.

Í neyðaráætlun vegna tímabundinnar/varanlegrar stöðvunar, sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri búins, skulu vera tillögur um meðferð og förgun kjúklinga þann tíma sem búið er ekki í rekstri, sbr. gr. 1.5.

3.13 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að búinu. Staðsetning og aðstaða til haugvinnslu, sbr. gr. 3.8, skal vera varin eftir fremsta megni til að hindra aðkomu fugls og meindýra með virku meindýraeftirliti. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

4 INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið²⁶. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn á hverjum tíma og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýting og fóðurgerð,
- vatnsnotkun, raforkunotkun og olíunotkun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru á búinu,
- viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu, endurnýtingar eða förgunar,

²⁴ Fylgja skal fyrirmælum Matvælastofnunar um meðhöndlun dauðra fugla.

²⁵ Fylgja skal fyrirmælum Matvælastofnunar um förgun fugla ef upp kemur sýking.

²⁶ BAT 23, 24, 25, 26,27 og 29, sbr gr. 3.1

- prófun og kvörðun tækjabúnaðar,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.4,
- teikningar af frárennsli,
- magn og gerð efnis sem er sent er til spilliefnamóttöku,
- gögn vegna ákvæða gr. 4.4 um umhverfisupplýsingar,
- niðurstöður mats og/eða mælinga skv. gr. 4.2,
- lyfjagjöf.

4.2 Mælingar og/eða mat

Fullnægjandi aðstaða til losunarmælinga skal vera til staðar. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd losunarmælinga. Upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Mæla og/eða meta skal losun köfnunarefnis og fosfórs úr húsdýraáburði²⁷ og rykmengun frá eldishúsum²⁸ sem og mæla losun ammóníaks við eldihús²⁹ skv. BAT-niðurstöðum.

Rekstraraðili skal vakta fjölda fugla, aðfluttra og fráfluttra, þ. á m. dauða fugla, neyslu fóðurs, magn húsdýraáburðar sem myndast við reksturinn skv. BAT-niðurstöðum³⁰ og skrá niður sbr. gr. 4.1.

Rekstraraðili skal framfylgja mæliáætlun skv. vöktunaráætlun starfseminnar, sbr. gr. 5.1, sem skal endurskoðuð ekki sjaldnar en á fimm ára fresti.

4.3 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

4.4 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti skv. 34. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.3. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 Umhverfisvöktun

5.1 Vöktunaráætlun

Rekstraraðili skal standa fyrir eða taka þátt í vöktun á helstu umhverfispáttum í nágrenni búsins í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Rekstraraðili skal hafa vöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun og vinna eftir henni við

²⁷ BAT 24, sbr. gr. 3.1

²⁸ BAT 27 eða BAT 28, sbr. gr. 3.1

²⁹ BAT 25b eða BAT 28, sbr. gr. 3.1

³⁰ BAT 29, sbr. gr. 3.1

reksturinn. Vöktunaráætlun skal liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis og endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti. Skal sú áætlun vera aðgengileg eftirlitsaðila við eftirlit og starfsmönnum búsins.

Við gerð vöktunaráætlunar skal taka tillit til áhrifa losunar frá búinu á lífríki Laxár og friðlands Grunnafjarðar sem er friðlýst skv. auglýsingu nr. 548/1994 í Stjórnartíðindum B og er á lista yfir vernduð og viðkvæm svæði skv. 25. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Grunnfjörður hefur einnig verið samþykktur sem Ramsarsvæði frá árinu 1996. Vöktunin skal m.a. taka til þeirra gæðapátta sem notaðir eru til að meta eðlisefnafræðilegt ástand skv. lögum um stjórn vatnamála.³¹

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu auk vöktunar sbr. gr. 5.1. Eftirlitsaðilar Umhverfisstofnunar geta krafist frekari mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka I, lið 6.6.a. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka I, lið 6.6.a. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda, fráviks eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 25.02.2038.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, 25.02.2022

Umhverfisstofnun

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

³¹ Samkvæmt vatnáætlun fyrir Ísland, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála
Síða 13 af 23

VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið og þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 3.8 er kveðið á um að rekstraraðili skuli hafa áætlun um nýtingu húsdýraáburðar til fimm ára í senn og skuli hún liggja fyrir við útgáfu leyfis.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.
- Í gr. 5.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli hafa vöktunaráætlun og hún endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

Fylgiskjal

Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis Matfugls ehf. í Hvalfjarðarsveit

1. Almennt

Matfugl ehf, kt. 471103-2330, sótti um starfsleyfi fyrir þéttbæru eldi kjúklinga í landi Hurðarbaks í Hvalfjarðarsveit. Matfugl ehf. hafði áður verið með leyfi til allt að 80.000 fugla alifuglaræktar sem gildi til 18. desember 2020. Með ákvörðun þann 4. desember 2020 féllst Umhverfisstofnun á að framlengja starfsleyfið til 18. desember 2021 sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þann 17. desember sl. veitti umhverfis- og auðlindaráðuneytið tímabundna undanþágu til starfseminnar frá kröfu um starfsleyfi til rekstraraðila í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, er fellur úr gildi við gildistöku starfsleyfis þessa.

Starfsleyfið tekur til eldis kjúklinga þar sem gert er ráð fyrir áfangaskiptri stækkun eldisins. Eldi samkvæmt eldra starfsleyfi hefur farið fram í tveimur 2500 m² eldishúsum. Rekstraraðila er með þessu starfsleyfi heimilað að reka kjúklingabú, með stæði fyrir allt að 136.000 fugla (að hámarki 136.000 fuglar á hverjum tíma), í tveimur eldri eldishúsum og tveimur (nýjum) eldishúsum að Hurðarbaki í Svínadal, Hvalfjarðarsveit.

Að loknum tveggja ára reynslutíma af rekstri tveggja nýrra eldishúsa og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, er snúa m.a. að losun lyktarvaldandi ammoníaks (NH₃), verður heimilt að hefja rekstur í tveimur viðbótareldishúsum að fengnu formlegu samþykki Umhverfisstofnunar og verður heildareldisrými þá fyrir allt að 192.000 fugla.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi, sbr. sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun á tímabilinu 16. desember 2021 til og með 15. janúar 2022. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 16. desember ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send rekstraraðila, til sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar og á aðra hagsmunaaðila.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun birti álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þann 14. ágúst 2019. Umhverfisstofnun hefur unnið starfsleyfi þar sem mat á umhverfisáhrifum hefur verið lagt til grundvallar leyfisveitingu. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal útgefandi starfsleyfis kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar, hvað varðar tengsl við verkvið útgefanda, sbr. lög um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun hefur yfirfarið ítarlega matsskýrslu framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar m.t.t. þess hvort umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og hvort gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillögur að matsáætlun og matsskýrslu framkvæmdaraðila og veitt umsagnir til Skipulagsstofnunar vegna þeirra í matsferlinu. Skipulagsstofnun fjallar í áliti sínu um málsmeðferð umhverfismatsins og telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að bæta við þá umfjöllun en leggur áherslu á eftirfarandi atriði sem snúa að starfsleyfi.

2.1. Mat á umhverfisáhrifum

2.1.1. Mengunarálag vegna næringarefna

Skipulagsstofnun telur að mengunarálag vegna næringarefna verði óverulegt gangi það eftir að viðmið um dreifingu húsdýraáburðar í reglum um góða búskaparhætti verði haldin. Mestu skipti að hóflegu magni verði

dreift á hvern hektara hverju sinni og að aldrei verði dreift á frosna jörð og þar með komið í veg fyrir uppsöfnun næringarefna á einstökum stöðum.

Umhverfisstofnun metur það þannig að áhrif vegna næringarefna verði óveruleg ef þeim kröfum í starfsleyfi er snúa að dreifðu magni á hektara og tímasetningu og fjarlægð dreifingar frá straum-, stöðuvötnum vatnsbólum, íbúabyggð og sumarbyggð verði fylgt. Komi í ljós aukið álag næringarefna hefur stofnunin úrræði til að bregðast við því.

2.1.2. Loftgæði -lykt

Skipulagsstofnun telur að talsvert neikvæð áhrif verði vegna stækkaðs kjúklingabús á loftgæði vegna lyktar. Skipulagsstofnun telur að óþefur frá eldihúsumunum muni aukast með stækkuðu búi en að unnt verði að koma í veg fyrir veruleg óþægindi vegna lyktar frá dreifingu hæsnaskíts.

Í flestum tilfellum eigi að vera um óveruleg áhrif á loftgæði að ræða vegna ólyktar af kjúklingaskít, ef vel sé að verki staðið eigi að vera unnt að dreifa hæsnaskít án þess að ólykt valdi verulegum óþægindum. Ástæða þess sé m.a. takmarkaður dreifingartími og að unnt sé taka tillit til veðurfars og að einhverju leyti velja dreifingarsvæði með hliðsjón af aðstæðum.

Öðru máli gegni um lykt frá kjúklingahúsumunum. Það sé hins vegar komið undir umhverfisaðstæðum hversu mikil óþægindi hljóttist af lyktinni. Ekki sé gert ráð fyrir hreinsun á útblæstri frá húsumunum í matsskýrslu rekstraraðila en Matfugl hafi tilgreint margvíslegar aðgerðir sem miða að því að draga úr lykt. Skipulagsstofnun efast um ávinning þeirra til að draga úr lykt frá húsumunum þar sem aðgerðirnar muni skila sér í lyktarminni skít en muni hafa óveruleg áhrif á ólykt frá eldihúsumunum sjálfum. Eldihúsin séu stöðug uppspretta ólyktar og að lokinni stækkun verða mun meiri uppspretta ólyktar en hefur verið og áhrif hennar muni aukast meira en sem nemur hlutfallslegri stækkun búsins. Hægviðri sé líklegt til að bera ólyktina til næstu bæja en ríkjandi vindáttir beri ólykt til þeirra bæja sem eru vestan við Hurðarbak.

Umhverfisstofnun tekur undir að ef vel sé að dreifingu hæsnaskíts staðið, í samræmi við ákvæði starfsleyfis og BAT-niðurstöður, sé ekki líklegt að áhrif vegna kjúklingaskíts á loftgæði verði veruleg þó óhjákvæmilegt sé að einhverra lyktaráhrifa geti gætt þegar skítum er dreift og fyrst á eftir þegar rokgjörnustu efnasamböndin eru að losna.

Umhverfisstofnun tekur einnig undir álit Skipulagsstofnunar að neikvæð áhrif geti orðið vegna lyktar frá eldihúsumunum en telur þó að með ákvæðum starfsleyfisins sé hægt að lágmarka þau.

(Ó)lykt af kjúklingabúum stafar frá bæði útblæstri eldishúsa og flutningi, geymslu og dreifingu kjúklingaskíts. Lykt dreifist/berst í loftformi og/eða með rykögnum. Lykt frá þaueldi stafar af flókinni blöndu lofttegunda og efnasambanda og er m.a. um að ræða áhrif frá losun ammoníaks (NH_3). Stofnunin telur að mælingar á styrk ammoníaks í andrúmslofti henti sem mæling þegar lyktaráhrif eru metin.

Rekstraraðili skal fylgja bestu aðgengilegu tækni við lágmrörkun lyktarmengunar frá búinu og notast við sambland þeirrar tækni sem skilgreind er í BAT-niðurstöðum til að lágmarka lyktarmengun. Einnig er sett hámarksgildi á heildarlosun ammoníaks frá eldihúsumunum í samræmi við bestu aðgengilegu tækni. Umhverfisstofnun getur þá einnig krafist frekari aðgerða, t.a.m. lofthreinsikerfi, séu ráðstafanir rekstraraðila ekki nægilegar að mati stofnunarinnar, t.d. til lágmrörkunar á losun ammoníaks. Einnig eru sett ákvæði í leyfið um að nota skuli bestu aðgengilegu tækni við lágmrörkun losunar ryks og að rekstraraðili skuli gæta þess að ryk og lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi.

Vegna mögulegra lyktaráhrifa er heimild rekstraraðila til stækkunar áfangaskipt í starfsleyfinu í samræmi við tillögu Skipulagsstofnunar.

2.1.3. Vatn

Skipulagsstofnun telur að áhrif stækkaðs bús á vatn verði óveruleg. Skipulagsstofnun tilgreinir að vatnspörf rekstraraðila verði uppfyllt af hálfu Vatnsveitufélags Hvalfjarðasveitar en jafnframt sé unnt að afla meira vatns í landi Hurðarbaks ef þörf verði á. Fjallað er um möguleg áhrif á dreifingu á hænsnaskít á grunnvatn og vatnsból í sveitinni.

Einnig fjallar Skipulagsstofnun um áhyggjur umsagnaraðila um möguleg áhrif á vistkerfi Laxár og Grunnafjarðar. Skipulagsstofnun telur að sýnt hafi verið fram á að dreifing kjúklingaskíts muni ekki hafa í för með sér verulega aukningu á styrk köfnunarefnis í Laxá ef dreifingin verði í hóflegu magni á hektara eins og gert sé ráð fyrir í starfsleyfi og reglum um góða búskaparhætti.

Umhverfisstofnun tekur undir að ef ákvæðum starfsleyfis verði fylgt verði áhrif framkvæmdarinnar á vatn ólíklega veruleg. Vegna takmarkana á magni skíts sem dreifa má á hvern hektara og verður aukið magn hænsnaskíts sem falli til frá búinu ólíklega til mikillar aukinnar losunar í vatn. Einnig verður ekki heimilt að dreifa skítum á frosna jörð. Miðað er við að dreifing fari fram þegar nýting gróðurs á næringarefnum í skítum sé hvað best og uppsöfnun í jarðvegi eða útskolun ólíklegri. Einnig er óheimilt að dreifa eða geyma hænsnaskít í 10 m fjarlægð frá Laxá eða öðrum straum- eða stöðuvötnum. Við losun skíts úr hauggeymslu skal þess gætt að ekki verði mengun frá henni í nærliggjandi ár, læki eða jarðveg utan skilgreinds dreifingarsvæðis hænsnaskítsins.

Í starfsleyfinu er einnig gerð krafa um vöktunaráætlun sem taki tillit til áhrifa losunar frá búinu á lífríki Laxár og friðlands Grunnafjarðar. En slík vöktun skuli m.a. taka til eðlisefnafræðilegra gæðapátta sem notaðir eru við mat á ástandi vatns m.t.t. stjórnar vatnamála. En næringarefnastyrkur að vetri hefur verið skilgreindur sem eðlisefnafræðilegur gæðapáttur við ástandsflokkun straumvatna í fyrsta vatnahring, skv. Vatnaáætlun 2022 – 2027 og ástandsviðmið verið skilgreind fyrir nítrat, ammóníum og fosfat.

2.2. Skipulag

Skipulagsstofnun tekur fram að í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 sé Hurðarbak skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í gildandi deiliskipulagi sé gert ráð fyrir alls 6 alifuglahúsum og áform Matfugls samræmast skipulagi. Einnig er tekið fram að Hvalfjarðarsveit hafi lýst því yfir í umsögn um tillögu að matsáætlun fyrir stækkun kjúklingabúsins að ráðgert væri að endurskoða deiliskipulag svæðisins sem væri komið til ára sinna, sú endurskoðun hefur ekki átt sér stað þegar þetta er ritað.

Umhverfisstofnun bendir á að útgáfa starfsleyfisins og stækkunin sem í henni felst er í samræmi við bæði gildandi aðal- og deiliskipulag svæðisins. Stofnunin gefur út starfsleyfi miðað við það skipulag sem er í gildi á hverjum tíma, en ákvæði er í leyfinu er snýr að að endurskoðun starfsleyfis ef breytingar verða á skipulagi.

2.3. Niðurstaða

Niðurstaða Skipulagsstofnunar er sú að rekstraraðili hafi sýnt fram á að áhrif stækkunar kjúklingabúsins vegna næringarefna á jarðveg og vatn verði óveruleg en neikvæðustu áhrif framkvæmdarinnar verði ólykt, en þar vegi þýngst lykt frá eldishúsunum sem séu stöðug uppspretta ólyktar. Skipulagsstofnun telur að þó aðgerðir rekstraraðila til að draga úr bleytu og raka í húsunum séu jákvæðar séu þær ekki líklegar til að hafa áhrifa á ólykt frá húsunum sjálfum heldur skili sér fyrst og fremst í lyktarminni skít. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á bæi vestan við Hurðarbak verði talsvert neikvæð vegna ríkjandi vindátta. Við mat sitt á matskýrslu rekstraraðila taldi Skipulagsstofnun að ekki hefðu komið fram ábendingar um mögulegar beinar mótvægisáðgerðir til að draga úr lykt frá eldishúsunum en töluverð óvissa ríkti um það hversu mikil óþægindi nágrannar búsins myndu upplifa í kjölfar stækkunarinnar. Því taldi Skipulagsstofnun óráð að ráðast í fulla stækkun á búinu í einum áfanga, heldur í fleiri smærri áföngum og eðlilegt væri að Umhverfisstofnun tæki ákvörðun við starfsleyfisútgáfu um stærð áfanganna að teknu tilliti til hagkvæmra eininga framkvæmdaraðila.

Umhverfisstofnun tekur undir að sé ákvæðum starfsleyfisins fylgt sé ekki líkegt að áhrif vegna næringarefna á jarðveg eða vatn verði veruleg. Einnig er ljóst að áformuð stækkun rekstraraðila er umtalsverð, eða frá 80.000 fuglastæðum í 192.000. Núverandi eldi er fer fram í tveimur 2500 m² húsum en áform rekstraraðila voru að byggja fjögur 2000 m² eldishús til viðbótar. Umhverfisstofnun telur einnig að áhrif vegna lykta geti orðið veruleg en starfsleyfisskilyrðin, séu þau uppfyllt, eru til þess fallin að lágmarka lyktaáhrifin.

Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili skal beita bestu aðgengilegu tækni, m.a. við lágmarkun lykta frá búinu. Hámark er á losun ammoníaks og stofnunarinn hefur heimild til að krefja rekstraraðila um frekari aðgerðir, t.d. lofthreinsun, sé losun ekki innan þeirra marka. Rekstraraðili skal einnig gera ráðstafanir svo að lykt sem berst frá búinu, valdi ekki óþægindum í næstu byggð og/eða utan jarðamarka Hurðarbaks og gæta þess að ryk og lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að heimilt er að endurskoða starfsleyfi, t.a.m. ef mengun af völdum rekstrarins er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu, sem og ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út.

Í ljósi þess að lyktaáhrif stækkunarinnar eru ekki að fullu ljós taldi stofnunin, í samræmi við álit Skipulagsstofnunar, rétt að áfangaskipta stækkun eldisins í stað þess að heimila strax fulla stækkun í samræmi við áform rekstraraðila. Fyrsti áfangi stækkunar felst í viðbót tveggja eldishúsa af þeim fjórum sem rekstraraðili áformaði, með heildareldisrými fyrir 136.000 fugla. Að loknum tveggja ára reynslutíma af rekstri nýju eldishúsanna yrði þá mögulegt, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og að fengnu formlegu samþykki Umhverfisstofnunar, að taka tvö hús til viðbótar í notkun og eldi yrði því að hámarki 192.000 fuglastæði.

3. Athugasemdir

Þrjár umsagnir/athugasemdir bárust á auglýsingatíma og athugasemd frá sveitafélaginu Hvalfjarðarsveit barst eftir að auglýsingatíma lauk. Hér á eftir eru dregnar saman þær athugasemdir er vörðuðu efni starfsleyfitillögunnar beint og svör Umhverfisstofnunar við þeim.

- Í tveim umsögnum er lagst gegn því að stækkun búins verði samþykkt og starfsleyfi fyrir stærra bú gefið út. Starfsemin sé í nálægð við jarðir og frístundahús viðkomandi, rekstur ferðaþjónustu og Laxá í Leirársveit. Umgengni er að mati umsagnaraðila ábótavant. Einnig er spurt hvort hægt sé að gera endurbætur á núverandi rekstri til að laga neikvæð umhverfisáhrif sem af búinu stafa.
 - Stofnunin bendir á að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit skal starfsleyfi veitt starfsemi uppfylli hún þær kröfur sem gerðar eru skv. lögum um hollusthætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim að teknu tilliti til annarrar löggjafar. Starfsemin er í samræmi við gildandi skipulag og starfsemin uppfyllir kröfur laga. Stofnunin gefur út starfsleyfi sbr. framangreint.
 - Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin sem leyfisveitandi annast ekki skipulag eða staðarval. Reksturinn samræmist skipulagi á svæðinu og hefur verið á þessum stað í þónokkurn tíma.
 - Rekstri kjúklingabúa fylgir losun mengunarefna. Í starfsleyfinu er kveðið á um stjórnun þeirrar losunar og umhverfisvöktunar í samræmi við samræmdar reglur sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Með starfsleyfum sem

- stofnunin gefur út á grundvelli laga nr. 7/1998 er rekstraraðilum heimiluð losun mengunarefna uppfylli þeir nánar tiltekin skilyrði, sem koma fram í starfsleyfunum og eftir atvikum vöktunaráætlunum, sem miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum rekstursins, mæla og vakta losunina.
- Gerðar eru auknar kröfur í nýju starfsleyfi m.t.t. stækkunar rekstursins. Til að mynda eru gerðar kröfur um mælingar á losun ammoníaks frá eldishúsum og krafa hefur verið gerð um að hönnun nýrra eldishúsa sé slík að hægt sé að bæta við lofthreinsikerfi. Þar að auki eiga kröfur sem koma fram í BAT-niðurstöðum við hvað varðar þauleldi af þessari stærðargráðu.
 - Rekstraraðila bera að tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis þessa sbr. 40. gr. laga nr. 7/1998. Það er á ábyrgð rekstraraðila að uppfylla þau skilyrði er fram koma í starfsleyfi þessu og gilda almennt um reksturinn. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.
 - Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin getur einnig farið fram á tíðari mælingar telji hún ástæðu til skv. gr. 2.9 og endurskoðað starfsleyfið sbr. gr. 1.6 ef forsendur breytast, m.a. ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út, ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins eða breyting verður á skipulagi
 - Skítalykt muni aukast. Áhyggjur eru til staðar af því að loftmengun frá búinu eins og það er í dag geti verið talsverð og loftgæði í frístundahúsi umsagnaraðila séu þá slík að viðkomandi þurfi að fara inn eða fara af staðnum, bæði vegna ólyktar og ertingar í öndunarfærum. Lykt finnist vel frá búinu á góðviðrisdögum, sem hafi ekki verið tilkynnt eða kvartað undan af jarðareigendum, þar sem um sé að ræða landbúnaðarhérað, en áhyggjur séu til staðar af þeirra hálfu ef lykt muni aukast frá því sem nú sé. Í Hlíð sé rekin ferðaþjónusta og veiðimenn við Laxá hafi kvartað yfir skítalykt.
 - Umhverfisstofnun áréttar á að stofnunin sem leyfisveitandi annast ekki skipulag eða staðarval. Reksturinn samræmist skipulagi á svæðinu og hefur verið á þessum stað í þónokkurn tíma.
 - Stofnunin bendir á að sett hafa verið ákvæði í starfsleyfið og tilgreindar skyldur rekstraraðila sem eru til þess fallnar að lágmarka lykt eins og kostur er frá starfsemi af þessari stærð. Óhjákvæmilegt sé að lykt sé til staðar en ábyrgð rekstraraðila sé skv. starfsleyfi að lágmarka hana eftir fremsta megni í samræmi við bestu aðgengilegu tækni (BAT-niðurstöður) líkt og er lýst hér að ofan í afstöðu stofnunarinnar til mats á umhverfisáhrifum.
 - Í stað þess að heimila fulla stækkun í samræmi við áform rekstraraðila er kveðið á um áfangaskipta stækkun í starfsleyfinu. Er það í samræmi við álit Skipulagsstofnunar. Stækkun úr 136.000 fuglastæði í 192.000 verður aðeins heimiluð uppfylli rekstraraðili skilyrði stofnunarinnar í tengslum við lyktarmengun. Einnig er kveðið á um hámark á magni skíts sem má dreifa á hvern hektara á ári sem dregur úr líkum á lyktarmengun og aðrar aðferðir til að takmarka lyktarmengun.

- Athugasemd er gerð vegna aðbúnaðar hauggeymslu. Nokkrum sinnum hafi kviknað í safnhaugi geymslunnar, með tilheyrandi reykjarlykt og áhrifum m.a. á veiðimenn við veiðar á nálægum veiðistöðum. Innkeyrsluop sé alltaf opið og sauðfé leiti þar inn til að éta fóðurleifar úr skítum og í skugga. Fugl/mávfluglar sæki einnig í búið. Einnig virðist umsagnaraðilum sem geymslan fyllist flest ár og við núverandi stærð búsins sé stundum skítur á plani fyrir utan geymsluna. Því sé spurt hvert afrennsli frá geymslunni og haugnum fari og hvort eitthvað eftirlit sé með því. Sveitafélagið tekur undir áhyggjur af aðgengi búfjár og fugla í haughús.
 - Hvað varðar brunavarnir og aðbúnað m.t.t. eldvarna í haughúsi bendir stofnunin á að þau mál eru ekki á forræði Umhverfisstofnunar. Með starfsleyfi þessu er rekstraraðila heimilað að losa mengunarefni uppfylli hann tiltekin skilyrði sem miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum rekstursins, mæla og vakta losunina. Eftirlit stofnunarinnar með starfsemi felst í eftirliti með mengunarvörnum, ekki brunavörnum. Eigandi mannvirkis ber þó að sjálfsgöðu ábyrgð á að það fullnægi kröfur um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og að brunavarnir taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma sbr. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit.
 - Stofnunin bendir á að á þeim tíma árs sem ekki er hægt að nýta húsdýraáburð beint til áburðar skal hann geymdur í viðurkenndri hauggeymslu sbr. ákvæði reglugerðar nr. 804/1999 og í samræmi við BAT-niðurstöður. Ákvæði starfsleyfis kveða á um að hauggeymslan skuli rúma a.m.k. 6 mánaða birgðir af húsdýraáburði. Einungis er heimilt að geyma skít í haugum á opnum svæðum ef um er að ræða bráðabirgðahauga sem skipt er um stað fyrir á hverju ári, en þó er ávallt óheimilt að geyma skít í haugum nálægt vatni, vatnsföllum á yfirborðinu og/eða vatnsföllum neðanjarðar sem fljóttandi afrennsli gæti borist í. Anni núverandi haughús/geymsla því ekki að geyma allan þann skít sem fellur til og þarf að geyma, þ.e.a.s. 6 mánaða birgðir, bendir stofnunin á að rekstraraðili skuli útbúa frekari aðstöðu til geymslu sem uppfylli ákvæði BAT-niðurstöðna. Samkvæmt matsskýrslu rekstraraðila er gert ráð fyrir því að hauggeymslan verði stækkuð og sótt verði um leyfi fyrir byggingu u.þ.b. 300 m² hauggeymslu skömmu eftir að framkvæmdir við hús hefjast. Besta aðgengilega tækni til að draga úr losun í jarðveg og vatn frá geymslu húsdýraáburðar í föstu formi er að nota sambland af þeirri tækni sem talin er upp í BAT-niðurstöðum 15. Samkvæmt ákvæðum starfsleyfisins skal fráveita frá haughúsi leidd í rotþró og siturlögn í samræmi við BAT-niðurstöður 15, sem kveða á um frárenniskerfi frá haughúsinu og söfnunartanki fyrir afrennslið. Eftirlit stofnunarinnar snýr m.a. að því að þeim ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt af hálfu rekstraraðila.
 - Ekki er viðunandi að búfé eða fugl hafi frjálstan aðgang að skítahaug sem er í hauggeymslu. Aðgengi skal einnig heft eftir því sem kostur er að bráðabirgðahaugum fyrir dreifingu. Bætt hefur verið í leyfið ákvæði er snýr að takmörkun aðgangs m.a. búfjár að hauggeymslu.
 - Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili ber ábyrgð á að uppfylla þau skilyrði er fram koma í starfsleyfi þessu auk laga og reglugerða er gilda á

starfssviði hans. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

- Athugasemd er gerð við að kjúklingaskíturinn sé ekki geymdur allur í hauggeymslu heldur keyrður á safnhauga á bæjum í sveitafélaginu, ekki sé eftirlit með því og frjálsglega farið með hauga t.d. á vatnsbökkum Laxár og fuglar, búpeningur og regnvatn hafi frjálsgan aðgang að haugunum.
 - Stofnunin bendir á að eins og kemur fram í svari hér að ofan skal húsdýraáburður geymdur í viðurkenndri hauggeymslu utan dreifingatíma hans og óheimilt er að geyma hauga á opnum svæðum nema um bráðabirgðahauga sé að ræða.
 - Óheimilt er skv. starfsleyfinu að geyma eða dreifa húsdýraáburði innan við 10 metra frá bökkum Laxár eða annarra straum- eða stöðuvatna.
 - Samkvæmt ákvæðum starfsleyfisins er heimillt að fela þriðja aðila dreifingu húsdýraáburðarins með samningum, enda samþykki sá aðili að fara eftir BAT-niðurstöðum, starfsreglum um góða búskaparhætti sem og ákvæðum í starfsleyfi þessu.
 - Liggja skal fyrir samningur við þá aðila sem taka við húsdýraáburði frá búinu og skal eftirlitsaðili hafa afrit af þeim samningum.
- Spurt er um fráveitukerfi frá kjúklingahúsunum og hauggeymslu og eftirlit með því.
 - Líkt og kemur fram hér að ofan eru ákvæði í starfsleyfi er snúa að fráveitu hauggeymslunnar. Önnur fráveita starfseminnar skal einnig vera í samræmi við reglugerðir og BAT. Við þrif á eldishúsum skal leiða afrennslisvatn frá þvottaaðstöðu í settank og siturlögn. Niðurföll í eldisrýmum skulu vera lokuð á eldistíma og eru aðeins opnuð þegar lokið er við útmokstur og þá opnuð á meðan þvotti stendur svo lágmarka megi þann lífræna úrgang sem berst í hreinsivirki. Eftirlit stofnunarinnar snýr m.a. að ofangreindu.
- Athugasemd er gerð vegna fjúkandi rusls frá búinu sem hafi verið tint af girðingum, af víðavangi og upp úr Laxá seinustu ár.
 - Samkvæmt starfsleyfi þessu á rekstraraðili að starfa í samræmi við góða starfshætti og halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Frágangur lóðar skal vera snyrtilegur og í samræmi við góðar starfsvenjur. Verði vart við úrgang frá búinu eða annað fok skal eftirlitsaðila gert viðvart.
 - Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili ber ábyrgð á að uppfylla þau skilyrði er fram koma í starfsleyfi þessu auk laga og reglugerða er gilda á starfssviði hans. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.
- Bæði landeigendur og sveitastjórnin benda á að þungaflutningar muni aukast og með þeim ryk á vegi 502.
 - Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin sem leyfisveitandi annast ekki skipulag eða staðarval og bendir á að leyfisveiting þessi er í samræmi við núgildandi skipulag á svæðinu. Stofnunin bendir enn fremur á að leyfisveiting

Þessi snýr hvorki að vegalagningu né viðhaldi vega og er slíkt á forræði Vegagerðarinnar og/eða sveitafélags.

- Áhrif pauleldisins á Laxá. Landeigendur hafa áhyggjur af áhrifum á lífríki Laxár, áhuga veiðimanna og leigutaka ásamt tjóni sem geti fylgt fyrir veiðiréttarhafa. Veiðifélagið Laxá í Leirársveit sendi inn fyrirspurn til Hafrannsóknarstofnunar vegna starfsleyfistillögunnar. Í svari Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að lög um stjórn vatnamála séu í gildi og þar kemur fram að ástand vatns megi ekki hnigna. Í því tilviki sé miðað við gögn um lífríki og styrk uppleystra næringarefna (NO₃, PO₄ og NH₄) og vísað í ástandsviðmið sem koma fram í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar, sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun. Vistfræðileg viðmið við ástandsflokkun straum- og stöðuvatna á Íslandi frá 2020. Hafrannsóknarstofnun telur að það væri væri styrkur fyrir kjúklingabúið að vakta ána betur og a.m.k. láta gera 4 mælingar á ári (á öllum árstímum) á styrk uppleystra næringarefna (NO₃, PO₄ og NH₄) með nægilega næmum aðferðum á öllum árstímum þannig unnt sé að staðfesta að starfsemin valdi ekki of miklu álagi á ána. Það er því skilningur Hafrannsóknarstofnunar að það þurfi að fara fram einhver athugun á þeim gæðapáttum sem nota á við mat á ástandi vatnshlota. Styrkur næringarefna sé nærtækasta vöktunin til að byrja með og Hafrannsóknarstofnun mælir því með því að það sé gert. Sveitfélagið tekur undir afstöðu Hafrannsóknarstofnunar hvað varðar vöktun Laxár og sveitastjórnin bendir á að vatnasvæði Laxár endar í Grunnafirði sem er friðlýstur og er á lista yfir svæði sem eru vernduð og viðkvæm skv. 25. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Grunnafjörður hafi einnig verið samþykktur sem Ramsarsvæði frá árinu 1996.
 - Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfinu er vísað sérstaklega í lög um stjórn vatnamála og vatnshlot straumvatnsins Laxá neðan Eyrarvatns.
 - Kveðið er á um umhverfisvöktun í starfsleyfinu og verður hún nánar útfærð í vöktunaráætlun sem stofnunin samþykkir.
 - Í starfsleyfinu er fjallað um að vöktunaráætlunin skuli taka tillit til áhrifa losunar frá búinu á lífríki Laxár og friðlands Grunnafjarðar og hún skuli m.a. taka til eðlisefnafræðilegra gæðapátta Vatnaáætlunar Íslands. Í fyrsta vatnahring 2022-2027 eru skilgreindir eðlisefnafræðilegir gæðapættir m.a. vetrarstyrkur næringarefna, heildarköfnunaefni, níturat, ammoníum, heildarfosfór og fosfat.
 - Tíðni mælinga sem snúa að þessari vöktun er ekki tiltekin í starfsleyfi heldur skal tilgreind í vöktunaráætlun sem Umhverfisstofnun skal samþykkja. Umhverfisstofnun bendir á að möguleg losun næringarefna í ána er ekki vegna fráveitu frá eldihúsum heldur dreifingar á skít. Þar sem dreifing á skít er einungis heimiluð á tveimur tímabilum, vor og haust frá 15. mars til 1. nóvember ár hvert, telur stofnunin að nægjanlegt sé að mæla styrk í ánni að vori og hausti til að skoða möguleg áhrif frá rekstrinum. Einnig mælir rekstraraðili á tveimur stöðum í ánni, fyrir ofan og neðan dreifingarsvæði sitt að Hurðarbaki og áhrif losunar frá áburðinum kæmu þá fram þar í þeim mælingum. Vöktunaráætlun rekstraraðila skal endurskoða á a.m.k. fimm ára fresti.

- Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur heimild til þess að fara fram á tíðari mælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir telji stofnunin ástæðu til sbr. gr. 2.9 í starfsleyfinu.
- Kvartað er undan mávfuglum við Hurðarbak og þegar skít sé dreift. Fuglinn fari svo og baði sig í Laxá eða öðrum vatnsbólum sem geti leitt til smithættu v. salmonellu.
 - Umhverfisstofnun bendir á að Matvælastofnun fer með málefni v. sýkinga og smitvarna, t.d. vegna salmonellu. Rekstraraðili skal skv. starfsleyfinu tilkynna til Matvælastofnunar ef sýkingar komi upp í búinu. Samkvæmt matsskýrslu er verklag rekstraraðila slíkt að komi upp salmonellusýking sé allt undirlag á gólfi fært til förgunar á viðurkenndum urðunarstað. Því ætti skítur sem er smitaður ekki að fara í hauggeymslu eða vera dreift.
- Bent er á að skipulag þarfnist efnurskoðunar. Í umsögn sveitafélagsins Hvalfjarðarsveitar um starfsleyfistillöguna er ítrekuð afstaða sveitafélagsins sem fram kom á matsstigi framkvæmdarinnar að tilefni sé til að uppfæra deiliskipulag en núverandi skipulag sé frá 1999 og forsendur hafi breyst frá þeim tíma.
 - Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin sem leyfisveitandi annast ekki skipulag, sveitafélaginu er í sjálfsvald sett að breyta aðal- og deiliskipulagi sveitafélagsins. Stofnunin gefur út leyfi í samræmi við gildandi skipulag. Starfsemin skal samræmast skipulagi á svæðinu, því er sérstaklega tekið fram í grein 1.6 að endurskoða skuli starfsleyfið ef breyting verður á skipulagi.

4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Í gr. 1.4 hefur tilvísun í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir verið bætt við til frekari skýringa. Gerð hefur verið breyting frá auglýstri tillögu á grein 1.7 þar sem vísað er í skyldur rekstraraðila, sbr. 40. gr. laga nr. 7/1998.

Í gr. 3.3 um fóðurgjöf og val á fóðri var bætt við ákvæði um ráðstafanir um val á fóðri með hliðsjón af mögulegri minnkun lyktaráhrifa.

Bætt hefur verið í gr. 3.8 um meðhöndlun húsdýraáburðar og hauggeymslur tilvísun í reglugerð 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og krafa um að aðgangur að hauggeymslum skuli takmarkaður búfé og fugli. Tekið er fram að hauggeymsla skuli rúma a.m.k. 6 mánaða birgðir af húsdýraáburði.

Grein 4.2 um mælingar og/eða mat hefur verið breytt til samræmis við ákvæði greinar 3.6 sem kveður á um mælingu á losun ammoníaks í andrúmsloft.

Aðrar minniháttar orðalagsbreytingar og uppfærslur.

5. Aðrar leyfisveitingar

Leyfi þarf frá Matvælastofnun fyrir allri frumframleiðslu matvæla, sbr. lög nr. 93/1995 um matvæli.